

536

LAXÁ Í AÐALDAL 1989-1991

Tumi Tómasson

Hólum, desember 1991

VMST-N/91016X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



VEIÐIMÁLASTOFNUN – NORÐURLANDSDEILD

Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki

LAXÁ Í AÐALDAL 1989-1991

INNANGANGUR

Athuganir á seiðastofnum Laxár 1989-1991 voru með svipuðu sniði og á árunum þar á undan. Með rafveiðum var fylgst með ástandi seiðastofnsins á sjö föstum stöðum, auk þess sem öðrum stöðum var bætt við eftir því sem tilefni var til hverju sinni. Mat á niðurstöðum og ráðgjöf var jafnan gefin formanni Veiðifélagsins strax að athugunum loknum. Hér eru gögnin hinsvegar nú lögð fram til að aðrir geti einnig metið þau og til að þau séu tiltæk í aðgengilegu formi fyrir síðari tíma samanburð.

ATHUGANIR Á SEIÐASTOFNUM

Oftast er rafveitt á sjö föstum stöðum í Laxá og á öðrum stöðum eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Í Töflu 1 er listi yfir þá staði sem veitt var á 1989-1991. Á árunum 1989 og 1990 var veitt snemma vors, um mitt sumar og loks að haustinu en 1991 var einungis rafveitt að vorinu. Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman á Myndum 1-6 og í Töflum 2-7. Haustið 1988 voru 1+ laxaseiði mjög væn og þrátt fyrir kalt vor gekk töluvert af 2+ seiðum út þá.

Hæfileiki laxaseiða til vaxtar í köldu vatni eykst með stærð þeirra. Því hefur vor- og sumarkuldi aukin bein áhrif á vöxt seiða því minni sem þau eru. Vorgömul seiði haustið 1989 voru því óvenju smá og 1+ seiði voru einnig minni en oftast áður.

Vorið 1990 varð aftur fremur kalt og því varð gönguseiða-framleiðsla tiltölulega lítil þá, um leið og meðalaldur seiða óx. Haustið 1990 náðu einungis örfá 1+ seiði 10 cm lengd og hafa þau ekki mælst smærri síðan 1983. Óvenju gott vor 1991 varð hinsvegar til þess að þessi seiði uxu mjög vel þá um

vorið og hafa líklega flest gengið út þá. Þannig er líklegt að meirihluti tveggja árganga hafi náð gönguproska sama vorið og því er von á að smálaxagengd batni verulega 1992.

VEIÐIN 1989-91

Oftast fylgist að smálaxagengd eitt ár og stórlaxagengd ári síðar þótt hlutfall smálaxa aukist almennt þegar göngur eru stórar. Í stórum árgöngum eru smálaxarnir tiltölulega þungir og hlutfall hrygna eykst.

Smálaxaveiði var mjög góð 1988 og allt benti til að það vor hefði gönguseiðaframleiðsla Laxár einnig verið góð. Heimtur úr hafi 1989 urðu hinsvegar slakar og heildarveiðin varð einungis 1619 laxar, þar af 732 smálaxar. Veiðin dalaði svo enn 1990 en þá var uppistaðan í aflanum stórlax. Sumarið 1991 veiddust um 1300 laxar, þar af var um helmingurinn smálax. Smálaxinn 1991 var óvenju smár og hlutfall henga hátt (80-90%) sem vekur vonir um sámilega góða stórlaxaveiði næsta vor.

Hreistursýni hafa ekki borist af löxum veiddum 1991 en niðurstöður aldursgreininga hreistursýna 1989 og 1990 er að finna í Töflu 8. Eins og oftast gerist þegar göngur minnka virðist hlutfall laxa af Laxáruppruna aukast í veiðinni, hlutfall 4+ seiða sem eru áreiðanlega úr Reykjadalsá og Mýrarkvísl minnkar.

Því stærri sem seiðin eru þegar þau ganga til sjávar, því meiri líkur eru til að þau komi aftur sem smálax. Þótt töluvert virðist hafa gengið út af 2+ seiðum vorið 1989 eru smálaxar sem veiddust 1990 að mestu með 3 ferskvatnsár eða hafa gengið til sjávar sem stór 2+ seiði, líklegast úr smáseiðasleppingum. Hlutfall laxa með 2 ferskvatnsár var líklega hærri í stórlaxinum 1991.

GÖNGUSEIÐASLEPPINGAR

Árið 1988 var sleppt um 8000 gönguseiðum. Engin seiðanna voru örmerkt en veiðiuggi var klipptur á um 3000 seiðum. Árið 1989 var skilað inn um 10 trjónum af veiðiuggaklipptum smálöxum og reyndust þeir allir vera merkislausir. Samkvæmt hreisturlesningu virðast um 13% smálaxanna sem sýni voru tekin af 1989 hafa verið úr þessari sleppingu, en sáralítið virðist hafa skilað sér sem tveggja ára lax.

Vorið 1989 stóð til að sleppa miklu magni gönguseiða, enda ærið tilefni. Stærsti hluti 2+ seiða 1988 hafði gengið út það vor og því voru tiltölulega fá stór (3+) seiði vorið 1989 sem var með eindæmum kalt. Því var ekki búist við að seiði myndu ganga út sem 2+. Hinsvegar fór það svo að gönguseiða-framleiðsla eldisstöðvarinnar brást algjörlega þetta vor og fyrir rest var sleppt 12000 gönguseiðum sem voru almennt mjög vesældarleg og tæpast til stórræðanna. Smálaxaganga varð mjög léleg 1990 og sá smálax sem þá veiddist af eldisuppruna var líklega að langmestu leyti fiskur sem hafði sloppið úr kvíaeldi í Eyjafirði og e.t.v. víðar. 20% sýnanna af smálöxum sem bárust 1990 voru af slíkum fiski. Margir þessara laxa veiddust snemma á veiðitímanum, fyrir þann tíma þegar smálax er yfirleitt farinn að ganga. Þar sem engin sýni voru tekin eftir 20. júlí, þegar meirihluti smálaxanna gengur, má reikna með að hlutfall eldisflökkulaxa hafi í heildina verið mun minna en sýnin gefa til kynna.

Vorið 1990 var aftur fremur seint og hægur seiðavöxtur árið á undan olli því að hátt hlutfall tveggja ára seiða sat eftir í ánni. Það ár var sleppt um 20000 gönguseiðum, þar af voru um 9700 merkt og var þeim skipt í tvo hópa. Stærri hópnum, 6669 seiðum, var skipt á tvo eða fleiri staði fram í á. Alls var skilað 36 merkjum, sem eru 0.54%, og veiddist rúmlega helmingur þeirra á neðsta svæðinu. Í minni hópnum voru 3013 seiði og var skilað 24 merkjum sem eru 0.80%. Þessir laxar veiddust allir á neðsta svæðinu. Að auki vantaði merki í 4 sýni og tveir merktir laxar voru úr sleppingu í Ólafsfirði.

Sé gert ráð fyrir að merkjaskil hafi verið 50% hafa um 1.4% gönguseiðanna skilað sér sem smálax eða alls um 280 laxar sem eru um 40% smálaxaveiðinnar í Laxá 1991. Þótt óvissa sé töluverð í þessum áætlunum er samt ljóst að gönguseiða-sleppingar 1990 hafa haft veruleg áhrif á veiðina 1991.

Allt bendir til að gönguseiðasleppingar í Laxá geti skilað góðum árangri og að dreifing laxa um ána fari nokkuð eftir sleppistað. Forsenda þess að hægt sé að meta árangurinn með nokkurri vissu - og bæta hann - er að unnið verði að sleppingum og eftirliti með merktum löxum á kerfisbundnari hátt en oftast hefur verið gert hingað til.

SMÁSEIÐASLEPPINGAR

Sumaröldum seiðum hefur verið sleppt í Laxá á hverju ári undanfarin ár. Þegar kerfisbundnar athuganir á seiðastofnum árinna hófust að nýju 1983 var mikill seiðaskortur í ánni og vorið 1984 var sleppt í ána um 70000 seiðum og skilaði sú slepping miklum árangri. Á síðari árum hefur náttúruleg nýliðun hinsvegar verið mun betri og ekki eins mikil ástæða til að sleppa smáseiðum. Árið 1988 var sleppt um 22000 smáseiðum, 1989 voru þau um 12000 og 1990 var síðan aftur sleppt svipuðum fjölda.

Smáseiðin þekkjast úr í rafveiðunum fyrstu vikurnar eftir sleppingu en síðan verður erfiðara að greina þau frá seiðum úr náttúruklaki. Oft er hlutfall seiða af sleppiuppruna nokkuð hátt í rafveiðunum (Töflur 1-3) en þó er erfitt að gera sér grein fyrir raunverulegum árangri þeirra. Eins og ég hef oft rakið áður í skýrslum um Laxá virðist mér sem kortur á heppilegu búsvæði, grýttum og skjólgóðum botni, sé einn helsti takmarkandi þátturinn fyrir gönguseiðaframleiðslu Laxár. Miðað við ástand undanfarandi ára ætti að leggja meiri áherslu á að bæta uppeldisskilyrði (búsvæði) laxaseiða fremur en að reyna að auka fjölda þeirra.

Tafla 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Aðaldal 1989-1991.

Númer	Staðsetning og einkenni
1	Fyrir neðan virkjun, við vesturbakkann. Grýtt og straumhart.
2	Fyrir neðan Hraunstíflu, við austurbakkann. Smágrýtt í bland en víðast sléttur, þjappaður botn.
x	Í kvísl við Laxhólma í landi Syðra Fjalls, í einföldum grjótgarði sem gerður var 1988.
2c	Efri grjótgarður við Tvíflúðir sem Scott gerði.
2e	Neðri grjótbreiða sem Scott gerði 1986.
3	Við Langey, í kvíslinni. Smágrýtt læna, víða skjóllítið.
4	Fyrir ofan Hólmavaðsbrú að vestan. Smágrýtt við landið, en þjappaður hraunbotn utar.
5a	Áveituskurður skammt fyrir ofan stað 5. Haustið 1986 var sett grjót í skurðinn en að öðru leiti er botninn sléttur og þjappaður, fínt gjall og sandur.
5	Við Jarlsstaði að vestan, klapparflúð.
6	Fyrir ofan Núpabré, í vesturkvísl við hólma. Grýtt flúð.
7a	Grjótaskjól sem gert var í streng við vesturlandið, skammt fyrir neðan Eskey.
7	Í kvísl við Eskey, fyrir neðan hólma. Víðast smágrýtt.

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m²
í Laxá í Aðaldal 1989.

23.-24. júní 1989

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		1+	2+	3+
1	70x8	0.9	0.3	0.2
2	40x10	5.7	-	0.2
x	15x25	3.5	-	-
2e	10x15	72.7	1.3	0.7
3	60x8	12.3	-	-
4	50x7	18.6	-	-
5a	40x4	10.6	1.9	-
5	45x8	7.2	1.9	0.3
6	45x10	14.7	4.4	1.3
7	60x5	4.3	6.7	2.3

11.-12. ágúst 1989

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		0+	1+	2+
1	60x5	1.7	2.7	0.7
2	40x8	1.6	2.5	-
3	50x6	1.0	18.3	-
4	50x7	1.4	2.0	-
5	45x8	7.2	16.9	1.4
6	45x10	-	18.2	0.7
7	60x10	-	10.7	3.8

15. september og 14. október 1989

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²			
		0+	0+ss	1+	2+
1	70x6	1.2	-	3.6	-
x	4x25	-	2.9	1.7	1.0
2c	10x25	2.7	7.3	12.0	1.3
3	40x8	-	2.2	5.6	-
4	50x7	0.6	1.1	1.4	-
5	45x8	1.4	0.5	8.0	0.5
6	40x8	-	-	5.3	0.9
7	30x10	-	-	5.3	0.7

Tafla 3. Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m² í Laxá í Aðaldal 1990.

5. júní 1990

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²			
		1+	1+ss	2+	3+
1	70x6	-	-	0.5	0.2
2	35x8	4.3	0.2	0.2	-
3	50x5	15.2	3.2	2.0	1.2
4	50x5	5.6	-	2.0	0.4
5	45x8	2.5	0.3	0.8	-
6	45x10	2.4	1.1	4.2	-
7	40x5	4.0	-	2.0	0.5

26. júlí 1990

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		0+	1+/1+ss	2+/1+ss
3	60x8	2.5	4.2	0.2
4	50x7	3.7	2.9	-
5	45x10	5.8	4.9	0.2
6	45x10	-	12.4	1.6
7	60x10	-	7.0	2.7

3.-4. september 1990

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²			
		0+	0+ss	1+	2+
1	60x8	2.9	-	0.4	0.8
2	40x10	1.3	-	2.0	-
2e	20x10	4.0	14.5	36.5	1.0
x	5x20	-	6.0	10.0	1.0
3	50x6	1.7	1.7	6.7	-
4	50x8	3.0	1.0	3.8	-
5	45x8	5.6	1.7	5.8	0.6
6	45x10	-	-	10.9	1.3
7	60x5	0.3	-	9.7	6.3

Tafla 4. Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m²
í Laxá í Aðaldal 7. júní 1991.

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		1+	2+	3+
1	60x10	0.3	0.3	-
2	40x12	1.5	0.6	-
2e	15x10	18.7	5.3	-
4	60x10	1.7	0.2	-
5	45x8	5.0	2.8	-
6	45x20	4.6	4.8	1.6
7a	10x10	21.0	5.0	-
7	60x10	3.2	3.0	0.5

Tafla 5. Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 m² í Laxá í Aðaldal 1989.

23.-24. júní 1989

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		1+	2+	3+
1	70x8	1.6	0.3	-
2	40x10	1.8	-	-
x	15x25	2.4	-	0.3
2c	10x15	24.0	0.7	-
3	60x8	3.1	-	0.2
4	50x7	7.4	0.6	0.6
5a	40x4	15.6	1.9	1.9
5	45x8	5.0	-	-
6	45x10	2.7	-	0.2
7	60x5	-	0.3	-

11.-12. ágúst 1989

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		0+	1+	2+
1	60x5	0.3	1.3	-
2	40x8	0.3	1.6	0.3
3	50x6	4.3	-	-
4	50x7	0.3	2.6	-
5	45x8	1.1	2.8	0.5
6	45x10	1.1	-	-

15. september og 14. október 1989

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		0+	1+	2+
1	70x6	0.7	0.7	0.5
x	4x25	4.0	7.0	-
3	40x8	5.0	-	0.3
4	50x7	2.3	1.1	0.3
5	45x8	2.5	1.1	0.5
6	40x8	0.6	0.3	-
7	30x10	0.3	0.3	-

Tafla 6. Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 m² í Laxá í Aðaldal 1990.

5. júní 1990

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		1+	2+	3+
1	70x6	0.7	0.2	0.2
2	35x8	3.9	0.4	-
4	50x5	9.6	-	-
5	45x8	-	0.3	-
6	45x10	-	0.2	-
7	40x5	0.5	-	-

26. júlí 1990

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²	
		1+	2+
3	60x8	1.5	-
4	50x7	1.7	0.3
5	45x10	3.8	-
6	45x10	1.3	-
7	60x10	0.3	-

3. september 1990

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		0+	1+	2+
1	60x8	0.2	1.0	0.6
2	40x10	0.8	1.3	0.3
x	5x20	1.0	5.0	-
2e	20x10	-	2.5	-
3	50x6	3.0	4.3	-
4	50x8	0.3	2.3	0.3
5	45x8	2.8	1.4	-
6	45x10	-	1.1	-
7	60x5	-	0.7	-

Tafla 7. Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 m² í Laxá í Aðaldal 7. júní 1991.

Staður nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		0+	1+	2+
1	60x10	0.5	0.2	-
2	40x12	1.3	-	-
2e	15x10	4.0	0.7	-
4	60x10	1.7	0.2	-
5	45x8	1.7	0.6	-
6	45x20	1.0	0.1	0.2
7a	10x10	5.0	-	-
7	60x10	0.7	-	-

Tafla 8. Niðurstöður aldursgreininga á hreistursýnum sem tekin voru í veiðinni 1989 og 1990.

1989

Fersk- vatns- aldur	Sjávaraldur			
	1 ár		2 ár	
	fj.	%	fj.	%
eldislax(gs)	10	13	15	17
1+	1	1	2	2
2+ss	7	9	2	2
2+	9	12	30	35
3+	33	43	32	37
4+	7	9	5	6
Áður hrygnt	10	13	1	1
Samtals	77	100	87	100


1990

Fersk- vatns- aldur	Sjávaraldur			
	1 ár		2 ár	
	fj.	%	fj.	%
eldislax(gs)	9	20	1	1
1+	-	-	2	2
2+sleppis.	7	15	2	2
2+	3	7	25	22
3+	21	47	64	58
4+	5	11	15	13
5+	-	-	1	1
Áður hrygnt	-	-	1	1
Samtals	45	100	111	100

Að auki voru 11 sýni frá 1989 ólæsileg, og 6 frá 1990.

23-24/6 1989


FJÖLDI



Mynd 1. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða 1989.


12/8 1989

FJÖLDI



14/9 og 15/10 1989


FJÖLDI



Mynd 1. Framhald.


5/6 1990

FJÖLDI



26/7 1990


FJÖLDI



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða 1990.

3/9 1990


FJÖLDI



Mynd 2. Framhald.

7/6 1991


FJÖLDI



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða 1991.

23-24/6 1989


FJÖLDI



Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða 1989.


14/9 og 15/10 1989

FJÖLDI



12/8 1989


FJÖLDI



Mynd 4. Framhald.


26/7 1990

FJÖLDI




5/6 1990

FJÖLDI



Mynd 5. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða 1990.


3/9 1990
FJÖLDI



Mynd 5. Framhald.

7/6 1991

FJÖLDI



Mynd 6. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða 1991.